

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2013-2014 1. október 2. bréf

Frá skólastjóra

Skólastarfið er nú komið vel af stað, rúmur mánuður liðinn frá skólasetningu. Samræmdu könnunarprófin í 4., 7., og 10. bekk að baki svo og dagur íslenskrar náttúru sem við gerum jafnan talsvert úr. Þá er samkeppni um hver verður náttúrufræðingur Síðuskóla þetta skólaárið og höfum við haldið þessari hefð í rúman áratug.

Í vor stefnum við á að fá Grænfánann í fimmta sinn. Til þess að svo megi verða þurfum við að sýna að skólinn sé þess verður. Okkur vantar fulltrúa foreldra í umhverfisnefndina en það þýðir klukkutíma fund einu sinni á mánuði á skólatíma. Bið þá foreldra sem áhuga hafa á verkefninu að hafa samband við skólastjóra.

Á aðalfundi FOKS foreldra- og kennarafélags Síðuskóla færði stjórn félagsins skólanum góðar gjafir. Það voru tvær málaratrönur, skákborð og taflmenn á gangana, skærasett í textílmenn og myndavél til að taka upp video. Foreldrafélagið hefur verið duglegt að gauka hlutum að skólanum svo sem spilum og ýmsu sem gerir starfið fjölbreyttara fyrir nemendur.

Námsmat í skólanum verður með öðrum hætti þetta skólaárið en verið hefur. Nú í október verður frammistöðumat (hét áður leiðsagnarmat) inn á Mentor. Þar skrá annars vegar nemendur og foreldrar og hins vegar kennarar. Á viðtalsdögum verður farið yfir matið sem búið er að skrá. Hingað til hefur farið fram formlegt lokamat í janúar og einkunnir skráðar inn í prófaflokk á Mentor. Nú verður ekki slíkt mat í janúar heldur hvetjum við foreldra og nemendur til að fylgjast með námsframvindunni inn í verkefnabókunum á Mentor. Frammistöðumat fer síðan aftur fram í lok janúar og í kjölfarið verða síðan viðtöl. Lokamat fer fram í júní.

Helstu viðburðir í október

- Skipulagsdagur 4. okt.
- Opnað fyrir frammistöðumat 7. október
- Lokað fyrir frammistöðumat 21. okt.
- Viðtöl í 1.-10. bekk 23. og 24. okt.

STEFNA SÍÐUSKÓLA

Í Síðuskóla er lögð áhersla á að skapa uppbyggjandi og öruggar aðstæður fyrir nemendur og starfsfólk. Markmið okkar er að allir fái tækifæri til að afla sér þekkingar, leikni og hæfni eftir fjölbreyttum leiðum. Skólastarfi þarf að haga í fyllsta samræmi við getu og þarfir hvers og eins, með gleði og vellíðan að leiðarljósi.

SÝN SÍÐUSKÓLA

Í Síðuskóla sýnum við ábyrgð, virðingu og vináttu

ÁBYRGÐ: Í Síðuskóla sýnum við ábyrgð með því að gera alltaf okkar besta og leggja okkur fram í leik og starfi.

VIRÐING: Í Síðuskóla sýnum við virðingu með því að vera kurteis og koma vel fram við alla í orði og verki. Við virðum okkur sjálf, aðra og umhverfið.

VINÁTTA: Í Síðuskóla sýnum við vináttu með því að hugsa vel hvert um annað, taka þátt í því sem fram fer og gæta þess að enginn sé einmana.

Ábyrgðarmaður: Ólafur B. Thoroddsen



Aðalfundur foreldra-og kennarafélags Sýðuskóla

Ný stjórn FOKS var kosin á aðalfundi félagsins 18.09.

Formaður

Heimir Eggerz, heimirj78@gmail.com, foks@akmennt.is,

Bragi Finnbogason, bdba@simnet.is, Meðstjórnandi

Monika Margrét Stefánsdóttir monikamargret@gmail.com

Ritari

Sigmundur Sigurðsson, sigm.sig@gmail.com, Meðstjórnandi

Elín Guðrún Björnsdóttir elingbj@simnet.is Meðstjórnandi

Egill Snær Þorsteinsson egillsnaer@gmail.com Gjaldkeri

Ásdís Elva Helgadóttir asdiselva@akurevri.is Meðstjórnandi.

Hrefna Frímánn hrefna@akmennt.is Fulltrúi kennara

VERÐLAUNAHAFAFAR Í NORRÆNA SKÓLAHLAUPINU

Norræna skólahlaupið 2013 fór fram í blíðskaparveðri þann 5. september. Nemendur og starfsfólk ýmist gengu eða hlupu 2.5 km um Síðuhverfið. Þau Kolbeinn Höður Gunnarsson hlaupari og Hafdís Sigurðardóttir frjálssíþróttakona voru svo elskuleg að koma og afhenda viðurkenningar. Góðar fyrirmyndir fyrir krakkana þar á ferð. Takk fyrir komuna bæði tvö.



Náttúrufræðingur Sýðuskóla



Í dag, 1. október, var Náttúrufræðingur Sýðuskóla útnefndur. Það var Ragna Margrét Sigþórsdóttir í 8. bekk sem hlaut titilinn eftirsóttá en auk hennar fengu 6 nemendur viðurkenningu fyrir góðan árangur. Þetta voru Logi Hrafn Egilsson 2. bekk, Níels Árni Lund í 3. bekk, Kjartan Arnar Guðmundsson 7. bekk, Ólafur Ágústsson 9. bekk, Valgerður Pétursdóttir 9. bekk og Sóley Gunnarsdóttir í 5. bekk. Náttúrufræðingur skólans

fær áletraðan skjöld sem hengdur verður upp í matsalnum. Hér sjáum við myndir af náttúrufræðingunum.



Aðalnámskrá grunnskóla — skólanámskrá

Nú vinna kennarar að endurskoðun skólanámskrárinnar. Skólar skulu birta stefnu sína með tvennum hætti:

1. Skólanámskrá: Í henni birtist almenn stefnumörkun skólans.
2. Starfsáætlun: Í henni eru upplýsingar um skólann og skólastarfið sem eru breytilegar frá ári til árs.

Starfsáætlun mun fljótlega líta dagsins ljós og áætlað er að ljúka við skólanámskrána um áramót.



Úr skólalífinu



Menningarferð í menningarhús - 6. bekkur

Síðastliðinn föstudag var 6. bekk boðið í heimsókn í Hof. Þar fengu börnin að skoða húsið hátt og lágt og fræddust um starfsemina þar. Meðal þess sem gert var í heimsókninni var að syngja á sviðinu til að kanna hljómburðinn og fara bæði hæst upp á tækniloft og í gryfjuna undir sviðinu. Einnig var aðstaða listamanna í græna herberginu skoðuð og í sminkherbergi tók förðunarmeistari sjónvarpsins Ragna Fossberg á móti þeim og sýndi hvernig hægt er að breyta fólki með hárkollum og sminki. Tæknimenn hússins sýndu okkur líka hvað hægt er að gera með ljósum og hljóði og í lok heimsóknarinnar var Einar Mikael töframaður mættur á svið og sýndi alls

6. bekkur á siglingu með Húna II



Í lok ágúst var 6. bekk boðið í siglingu með Húna II. Þetta var mikil ævintýraferð, bæði fróðleg og skemmtileg. Í áhöfninni á Húna þennan dag var meðal annarra sjávarútvegsfræðingur sem var með sýnishorn af lífríki sjávar og kenndi börnunum margt um fiska og aðrar kynjaverur hafsins. Meðan á fræðslunni stóð sigldi skipstjórinn á miðin sem voru nálægt Hjalteyri. Þar var lagt við stjóra og stangirnar teknar fram. Veiðin var sæmileg og veiddust nokkrir þorksar, lýsa og koli auk þess sem hnúfubakur lék listir sínar rétt við bátinn. Eftir að búið var að gera að aflanum var hann grillaður og allir fengu fisk á disk. Þetta var mjög góður dagur hjá okkur og við erum mjög þakklát áhöfninni á Húna fyrir að bjóða okkur.



Undirheimar hafa opnað nýja facebook síðu fyrir foreldra þar sem viðburðir eru auglýstir og aðrar upplýsingar er að finna, slóðin er [Félagsmiðstöðin Undirheimar Foreldrar](#). Okkur er mikið í mun að vera í góðu sambandi við foreldra og vonumst við til þess að eignast marga nýja vini á næstu dögum.

Nú er allt komið á fullt hjá okkur í Undirheimum. Unglingarnir í félagsmálafræðivalinu hafa staðið sig einstaklega vel í að auglýsa viðburði og hvetja samnemendur til að mæta og taka virkan þátt í félagsmiðstöðvarstarfinu. Sérstaklega ánægjulegt er að sjá hversu margir úr 8. bekk hafa komið sterkir inn í haust. Ýmislegt hefur verið brallað og má þar nefna kökukeppni, smökkunarkeppni og ullarsokkafótbolta.

Árleg hópeflisferð félagsmiðstöðvanna var um síðustu helgi á Hrafnagili, en þar hittust unglingar úr öllum grunnskólum Akureyrar sem nema félagsmálafræði hjá félagsmiðstöðvunum. Markmið ferðarinnar er að þjappa hópnum saman og þjálfa samskipta- og félagsfærni þátttakenda.

Framundan er svo Landsmót Samfés sem að þessu sinni er haldið á Hvolsvelli. Fimm unglingar úr 10. bekk verða fulltrúar Undirheima. Þeirra bíður viðburðarrík helgi sem hefst á kosningu í ungmennaráð Samfés. Tilgangur ungmennaráðs er m.a. að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu, auka jafningjafræðslu og hafa áhrif á viðburði á vegum Samfés.

Linda Björk Pálsdóttir

Ertu bekkjarfulltrúi ?

Hér má sjá hugmyndir að skemmtilegum uppákomum

- Matreiðslukvöld, bekkurinn býður foreldrum í mat
- Piparkökubakstur
- Skákkvöld
- Göngutúrar (með leiðsögn) td. Í Innbænum, Listigarðinum, Kjarnaskógi.
- Jólaföndur
- Vasaljósanga í Kjarnaskógi
- Spilakvöld
- Vasaljósanga í Kjarnaskógi
- Hjólaferð
- Félagsvist
- Skautuferð
- Sund
- Bíó
- Gista í skólanum
- Fjöruferð



MATSEÐILL – OKTÓBER 2013



31.sept.	1.okt.	2.	3.	4.
Gufusoðinn fiskur, grænmeti, ávextir.	Buff eða lifrabuff, grænar baunir, rauðkál, lauksósa, salat, ananas.	Ofnsteiktur fiskur, kartöflur, salat, ávextir.	Steiktur kjúklingur, hrísgrjón/kartöflur, sósa, salat, melónur.	Skyr, brauð, álegg, grænmeti og ávextir.
7.	8.	9.	10.	11.
Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, salat, ávextir.	Hakkbollur, kartöflur, rauðkál, salat, melónur.	Ofnbökuð ýsa, kartöflur/hrísgrjón, salat, ávextir.	Svína-eða lambapottrettur, hrísgrjón, brauð, salat, ávextir.	Pastaréttur, brauð, salat, ananas.
14.	15.	16.	17.	18.
Ofnbakaður fiskur, kartöflur, grænmeti, ávextir.	Soðið slátur, kartöflur, rófur, jafningur, gúrkur og melónur.	Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, grænmeti, ávextir.	Grænmetisréttur, hrísgrjón, brauð, maísbauur, sósa, salat, ávextir.	Hrísgrjónagrautur, slátur, gúrkur og ávextir.
21.	22.	23.	24.	25.
Kjöthleifur, kartöflur, grænar baunir, rauðkál, brún sósa, salat, melónur.	Silungur/ýsuréttur, kartöflur, sósa, salat, ávextir.	Lambakjöt, kartöflur/hrísgrjón, grænmeti, sósa, salat, ananas.	Fiskipottrettur, kartöflur, hrísgrjón, brauð, salat, ávextir.	Kraft— eða lauksúpa, brauð, grænmeti, ávextir.
28.	29.	30.	31.	1. nóv.
Fiskbúðingur, hrísgrjón, sýrðar gúrkur, sósa, rifnar gulrætur, melónur.	Kjöt og kjötsúpa, kartöflur, brauð, soðnar rófur, gúrkur, ávextir.	Bauna/grænmetisréttur, hrísgrjón, smábrauð, sósa, salat, ananas.	Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, gulrætur, karrý-sósa, grænmeti, ávextir.	Kjötréttur, kartöflur, hrísgrjón, rauðklál, sósa, salat, ávextir.